

Alþingi
Erindi nr. P 125/1992
komudagur 25. 2000

Reykjavík 2. maí 2000

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Björns Þorvaldssonar nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Málefni: Frumvörp til laga um breytingar á lögum um samvinnufélög (531. mál – rekstrarumgjörð og 532. mál innlánsdeildir) frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (546. mál – samvinnufélög). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (547. mál) og frumvarp til laga um tryggingagjald (550. mál). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (548. mál).

Með bréfum dags. 12. og 17. apríl sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreind málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í gær tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu ásamt tilheyrandi greinargerð skattanefndar félagsins.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Simon Á. Gunnarsson
formaður

Álitsnefnd

Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík 1. maí 2000

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Simon Á. Gunnarsson formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvörp til laga um breytingar á lögum um samvinnufélög (531. mál – rekstrarumgjörð og 532. mál innlánsdeildir) frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (546. mál – samvinnufélög). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (547. mál) og frumvarp til laga um tryggingagjald (550. mál). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (548. mál).

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreind erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefndin kallaði eftir álit skattanefndar FLE um málin og fylgir greinargerð skattanefndarinnar hér með.

Álitsnefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í álit skattanefndar. Því til viðbótar vill álitsnefndin benda á eftirfarandi atriði:

1. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um samvinnufélög (532. mál – innlánsdeildir)

Í 1. grein frumvarpsins 5. efnismálgrein er í tvígang notað orðið “hálfársuppgjör”. Álitsnefndin bendir á, að orðið “árshlutareikningur” er almennt notað um reikninga félaga sem ekki taka til heils árs. Færi því betur á því að nota “6 mánaða árshlutareikning” í stað “hálfársuppgjors”.

2. Frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (547.mál)

Í 2. mgr. 2. greinar frumvarpsins þar sem fjallað er um nýja grein 8 A, telur álitsnefndin æskilegt að tekin séu af tvímæli um hvort þau hlunnindi starfsmanna sem skattlögð verða skv. þessu ákvæði teljist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá félaginu sem veitir kaupréttinn, á grundvelli 31. gr. laganna.

Í 5. tölulið 3. mgr. 2. greinar frumvarpsins væri skýrara að segja “Starfsmaður eigi hlutabréfin í a.m.k. tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur”.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Skattanefnd FLE hefur að beiðni Álitsnefndar Félags löggiltra endurskoðenda tekið eftirtalin þingmál til skoðunar og umsagna:

- Frumvarp um breytingar á lögum um samvinnufélög, -rekstrarumgjörð, nr. 531
- Frumvarp um breytingar á lögum um samvinnufélög, -innlánsdeildir, nr. 532
- Frumvarp um breytingar á lögum um tekju-og eignarskatt; samvinnufélög nr. 546
- Frumvarp um breytingar á lögum um tekju-og eignarskatt; hlutabréf, lifeyrisiðgjöld ofl., nr. 547
- Frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt; mótuneyti, rafrænn afsláttur ofl., nr. 548

Við umfjöllun nefndarinnar vöknudu spurningar um nokkur efnisatriði sem gáfu tilefni til eftirfarandi athugasemda og ábendinga:

1. Frumvarp um breytingar á lögum um samvinnufélög, -rekstrarumgjörð, nr. 531 og frumvarp um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt vegna samvinnufélaga, nr. 546.

Í bráðabirgðaákvæði með frumvarpi til breytinga á lögum 22/1991 um samvinnufélög kemur fram að heimilt sé að endurmeta séreignarhluti félagsaðila í A-deild stofnsjóðs og skuli endurmatið byggt á verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1996. Ekki verður ákvæðið skilið öðruvísi en svo, eins og það er orðað í frumvarpinu, að verið sé að heimila að skipta hreinni eign félagsins milli þeirra félagsmanna sem eiga séreignarhluti í A-deild stofnsjóðs. Af reynslu endurskoðenda er mjög mismunandi eftir einstökum félögum hvernig færslu á séreignarreikninga í A-deild stofnsjóðs er háttáð. Þannig eru til eignasterk félög þar sem ekki hefur verið fært í stofnsjóð svo árum skiptir. Ef hreinni eign væri skipt á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins kæmi hún öll í hlut félagsmanna sem áttu viðskipti við samvinnufélagið fyrir áratugum, en allur sá fjöldi sem síðan hefur átt viðskipti og væntanlega skapað stóran hluta af hreinni eign félagsins í árslok 1996, fengi ekkert í sinn hlut.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins (4. málsgrein) segir svo orðrétt: *“Eitt af einkennum samvinnufélaga er það jafnræði sem ríkja skal milli félagsaðila og m.a. endurspeglast í jöfnum atkvæðisrétti þeirra. Við hækkun stofnsjóðsins kann því að þykja eðlilegt að nokkuð af hækkuninni skiptist jafnt milli allra sem félagsréttindi hafa en að öðru leyti sé hækkunin reiknuð í takt við einstaka stofnsjóðsfjárhæðir og að teknu tilliti til þess hve lengi þær hafa staðið inni hjá félaginu.”*

Sé það ætluð löggjafans að heimila að miða við annað en bókfærða fjárhæð stofnsjóðseigna við endurmat samkvæmt tilgreindu bráðabirgðaákvæði, telur nefndin að endurskoða þurfi orðalag bráðabirgðaákvæðisins með það í huga.

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins til breytinga á lögum 22/1991 er samvinnufélagi heimilt að endurmeta séreignarhluta félagsaðila í A-deild stofnsjóðs innan tiltekins tíma. Endurmatshækkunin skal skv. bráðabirgðaákvæðinu byggð á verðmæti hreinnar eignar í árslok 1996, skv. lögum um ársreikninga. Hækkunin á að afhendast félagsaðilum í formi samvinnuhlutabréfa í B-deild stofnsjóða.

Endurmatshækkunin skal byggð á verðmæti hreinnar eignar samkvæmt ákvæðum ársreikningalaga og skulu útreikningar staðfestir af skattstjóra. Ársreikningalög gefa færi á mismunandi mati á eignum og mismunandi framsetningu upplýsinga og telur nefndin að skattstjóra geti reynst vandasamt að meta hvað sé í samræmi við ársreikningalög og hvað ekki. Telur nefndin, með tilliti til jafnræðissjónarmiða milli félagsforma, að betur fari á því að miða við sambærileg ákvæði og gilt hafa um útreikning á jöfnunarverðmæti hjá hlutafélögum og einkahlutafélögum, þó svo að skiptar skoðanir hafi verið um ágæti þeirra útreikninga. Til einföldunar mætti sleppa viðmiðun við árið 1978 og miða eingöngu við árslok 1996.

2. Frumvarp um breytingar á lögum um samvinnufélög, -innlánsdeildir, nr. 532

Nefndin hefur hvorki athugasemdir né ábendingar um þetta frumvarp.

3. Frumvarp um breytingar á lögum um tekju-og eignarskatt; hlutabréf, lífeyrissjóðgjöld ofl., nr. 547

Í 2. mgr. 2. greinar frumvarpsins er gangverð hlutabréfa skilgreint sem skráð gengi í kauphöll, en séu hlutir ekki skráðir í kauphöll þá skuli miðað við gangverð í viðskiptum. Telur nefndin þörf á að skýra betur í athugasemdum með frumvarpinu eða á annan hátt hvað átt sé við með “gangverði í viðskiptum”.

Í 3. mgr. 2. greinar, 7. tölulið kemur fram að “hámark kaupréttar hvers starfsmanns sé samanlagt 600.000 kr. á ári miðað við kaupverð samkvæmt samningi”. Ekki liggur ljóst fyrir hvað gerist ef farið er fram úr tilgreindum mörkum; fellur réttur alfarið niður eða einungis sá hluti sem umfram er kr. 600.000. Huga þarf orðalagi greinarinnar þannig að þetta sé ljóst.

Í 3. mgr. 2. greinar, 8. tölulið eru ákvæði um að ríkisskattstjóri þurfi að staðfesta áætlun og upplýsingar um kauprétt starfsmanna. Ekki liggur fyrir hvort það hafi einhver áhrif ef ferli er hafið áður en staðfesting ríkisskattstjóra liggur fyrir og þyrfti að að koma umfjöllun um það atriði. Einnig skortir ákvæði um tímatakörk til handa ríkisskattstjóra til að staðfesta kaupréttaráætlun eða svara erindi, og leggur nefndin til að sá frestur verði 30 dagar.

Þá vaknar sú spurning hvort staðfesting ríkisskattstjóra, eða öllu heldur synjun um staðfestingu, sé kæránleg eða ekki, þar sem það þykir ekki ljóst í ákvæðum frumvarpsins.

Þegar hafa verið gerðir nokkrir kaupréttarsamningar sem farið er að vinna eftir. Æskilegt er að setja bráðabirgðaákvæði í lög, þar sem aðilum er gefinn kostur á að aðlaga gerða saminga að ákvæðum lagabreytinganna, innan tiltekinna tímamarka.

Í 4. grein er fjallað um frádrátt iðgjalda í lífeyrissjóð frá skattskyldum tekjum. Í ákvæðinu er hámarksfjárhæð sem einstaklingur getur dregið frá árlega ákveðin 1.500.000 kr. Hámarksfjárhæðin getur leitt til tvísköttunar á lífeyrissjóðsiðgjöld umfram þá fjárhæð, t.d. hjá tekjuháum aðilum sem samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrissréttinda er gert skylt að greiða amk. 10% af heildarlaunum sínum til öflunar lífeyrissréttinda. Það er skoðun nefndarinnar að textann; “...þó aldrei hærra en 1.500.000 kr.” ætti að fella niður. Í alla staði ætti fjárhæðin ekki að vera lægri en sem nemur lögbundnu hlutfalli.

Gildistökuákvæði 12. greinar um að lagabreytingarnar taki gildi vegna tekna á árinu 2000 telur nefndin vera erfiða í framkvæmd, sérstaklega varðandi lífeyrisiðgjöldin. Framkvæmd launagreiðslna og lífeyrisiðgjalda hefur ekki tekið mið af þessum breytingum í atvinnulífinu það sem af er þessu ári. Leggur nefndin til að gildistaka vegna þessa ákvæðis verði í upphafi árs 2001.

Ákvæði 11. greinar um breytingu á 117. grein tekjuskattslaga þess efnis að álit fjármálaráðherra sé ekki kæránlegt, telur nefndin að þurfi að endurskoða.

Þá gerir nefndin athugasemd við fullyrðingar sem birtast í athugasemd með frumvarpinu um skattfrankvæmd tengda lífeyrisgreiðslum á liðnum árum. Telur nefndin að engin samræmd skattfrankvæmd hafi verið á meðferð lífeyrisiðgjalda að því er varðar hámarksfjárhæðir til frádráttar á liðnum árum.

4. Frumvarp um breytingar á lögum um virðisaukaskatt; mótuneyti, rafrænn afsláttur ofl., nr. 548

Nefndin hefur hvorki athugasemdir né ábendingar um þetta frumvarp.

Í Reykjavík 28. apríl 2000.

Skattanefnd FLE

**Valdísar Guðnason
Árni Tómasson
Einar Hafliði Einarsson
Aðalsteinn Hákonarson**